

29/ 1962

### Starfsskýrsla.

Sigurðar Jónassonar, Laugabrekku, árið 1961.

Veturinn 1960 til 1961 var fremur hægvæmur fyrir trjágróðurinn hér á Norðurlandi. Þó var veðráttan fyrri hluta vetrarins dálítið umhleypingasöm. Frost voru yfirleitt væg allt til áramóta. Nokkuð snjóaði annað slagið, en hlánað þess á milli, svo ekki varð um nein fannalög að ræða. Stormar voru nokkuð tíðir, en aldrei kvassviðri, þó var sunnan og suðvestanáttmjög ríkjandi á þessu tímabili.

Úr áramótum fór fyrst að sjóa nokkuð að ráði hér í Skagafirði, en yfirleitt má telja að veturinn í heild væri fremur snjóléttur.

Frá janúar byrjun til síðari hluta marzmánaðar var norðaustanátt hér mjög ríkjandi. Setti þá niður allmikinn snjó víða í útsveitum, en þegar innar kom í héraðið varð minna úr fannkomunni, þó dróg nokkuð í skafla, sem héldust hér fram um sumarmál, því sjaldan hlánaði að ráði á þessu tímabili.

Með apríl hlýnaði í veðri og brá til sunnanáttar, og í lok mánaðarsins var orðið alveg snjólaust hér á láglendi.

Ekki er hægt að segja, að vorhlýindi kæmu hér fyr en eftir miðjan maí, en þá fór jörð að gróa og um mánaðarmótin <sup>mar</sup> farið að springa út á trjáplöntum í græðireitnum.

Nokkuð mikill klaki var í jörðu eftir veturinn og hélst hann langt fram eftir vori.

Naturfrost voru fremur tíð hér í vor, en oftast væg. Síðast varð hér frosts vart 14. júní. Þessi naturfrost ollu þó ekki áberandi skemmdum í græðireitnum, enda var reynt að verja unglöntur með yfirbreiðslum þar sem því varð við komið.

Veðurfar hér í sumar var yfirleitt hagstætt fyrir trjá-  
ræktina. Að vísu var sumarið ekki meira en í meðallagi hlýtt, og  
mjög fáir heitir sólskins dagar, en kuldaköst voru sjaldgæfari en  
verið hefur undanfarin sumur. Jafnvel þó brygði til norðanáttar  
var hún ekki að jafnaði verulega köld, og hvassviðri voru mjög  
fátíð.

Úrkoma var hér í sumar með mesta móti, enda var suðvestanátt  
mjög ríkjandi allt til loka septembermánaðar.

Haustveðráttan var hér dálítið óvenjuleg. Ekki fraus að ráði  
fyrr en í október. Haustríningar, sem sjaldgæfar eru hér í Skaga-  
firði, komst ég í fyrsta sinni í kynni við hér í haust, og það svo  
mjög, að þær minntu mig á sunnlensk úrfelli. Jörð var því óvenju  
mettuð af vatni fyrir fyrir veturinn..

Veturinn til áramóta var mjög mildur og snjóléttur. En 23.  
nóvember gerði hér aftaka-hríð af norðri og hélst hún í 2 sólar-  
hringa. Setti þá niður allmikinn snjó, einkum í útsveitum, og stór-  
fenni varð nokkurt hér í frám-héraðinu. En fyrir jólin tók þennan  
snjó upp að nokkru og héldust svo stillur til áramóta.

Vöxtur og þrif plantna. Hér að framan hefi ég gefið örlítið yfirlit  
yfir veðráttuna hér í Skagafirði á umliðnu ári. Ýmsir kynnu að ætla,  
að hér með væri fengin yfirsýn yfir tíðarfarið á Norðurlandi, en

fjarri er því að svo sé. Skagafjörður og Austur-Húnavatnssýsla munu í aðalatriðum fylgjast nokkuð að hvað veðurfar snertir. Þar er úrkomumagnið oftast áþekkt og hitastig líkt. Hinsvegar ber þess að gata, að úrkomumagnið á þessu svæði er allmikið meira út við ströndina en inn til dala. Í Vestur-Húnavatnssýslu er úrkom- an nokkuð meiri og mest í Hrútafirði. Þegar austur fyrir þetta svæði kemur, til Eyjafjarðar, gegnir einnig sama máli, þar er úrkoman meiri bæði sumar og vetur.

Í sumar reyndi ég nokkuð að fylgjast með vexti hinna ýmsu trjátegunda, sem plantað hefur verið á þetta svæði, sem hér um um getur, það er skilja Skagafjörð og Austur-Húnavatnssýslu. Hefi ég hugsað mér að halda þeim athugunum fram, ef vera kynni að þar gætu eftirleiðis gefið nokkrar leiðbeiningar um það, hvaða tegund- ir við attum helst að gróðursetja á þessu svæði.

Það er augljóst mál, að skógræktin hér á landi er svo mjög háð veðurfarinu að okkur ber fyrst og fremst að leita eftir því, hvaða tegundir eiga best heima í hverjum einstökum landshluta.

Skort á frjósemi í moldinni þurfum við víða ekki að óttast, að ég hygg, enda ekki ógjörningur að bata nokkuð úr því þar sem eitthvað kynni á að vanta á byrjunarstigi. En veðráttunni getum við ekki breytt að svo stöddu, það gera skógarnir á sínum tíma.

Yfirleitt held ég að megi telja, að vöxtur trjáplanta í hin- um ýmsu girðingum, sem eru margar á þessu svæði, hafi verið all- góður í sumar. Veturinn hafði yfirleitt farið vel með trjágróður- inn, enda þótt hann væri nokkuð snjóléttur. Og þrátt fyrir um- hleypinga annað slagið og þýðviðri, varð holklakamyndun mjög lítil,

og óviða um verulegt vorkal að ræða nema helst í gördum. Viðasthvar voru vanhöld mjög lítil.

Þá er vert að geta þess, enda þótt það komi ekki beint þessum athugunum við, að hvergi munu hafa orðið skemmdir hér í skógræktargirðingum af völdum búpenings yfir veturinn.

Af þessum tiltölulega ófullkomnu athugunum mínum á vexti í skógræktargirðingum hér í sumar, komst ég helst að þessari niðurstöðu: Tvær tegundir virtust mér vaxa óvenjulega vel í sumar, það var sitkagreni og rauðgreni. Gætti þar sama máli um yngri og eldri plöntur. Sérstaklega virtist mér þetta athyglisvert með rauðgrenið, því af því er nokkuð mikið á þessu svæði. Af sitkagreninu er aftur á móti mjög lítið magn..

Báðar þessar tegundir hafa vaxið mjög hægt að undanfögnu en í sumar skipti um þetta svo mjög, að eftirtekt vakti. Ástæðan til þess mun ef til vill hafa verið sú, að í sumar hefur úrkomu verið mikið meiri hér en venjulega. En þessar tegundir vaxa ekki vel nema við nokkuð mikin raka. Áburðargjöf á þessar tegundir var ekki meiri í vor en áður, og sumarhlýindi voru ekki meiri en í meðal ári.

Af þessu dróg ég þá alyktun, að rauðgreni og þó einkum sitkagreni skorti yfirleitt úrkomu á þessu svæði við venjulegt tíðarfar. Væri því hæpið að gróðursetja þessar tegundir <sup>annast.</sup> en þar, sem nokkur trygging væri fyrir jarðraka, eins og t.d. neðanvert í fjallahlíðum. Úrkomurnar hér fullnægja ekki rakapörf þessara tegunda í venjulegum árum

Lerki hefur verið plantað á nokkrum stöðum á þessu svæði en í allt of smáum stíl, sem stafar af því, að jafnan hefur verið nokkur skortur á þessari plöntutegund.

Yfirleitt má segja að lerkið hafi tekið hér öðrum plöntum fram hvað vaxtarhraða snertir, að undanskildu síðast liðnu sumri, en þá er vöxturinn mjög svipaður og áður var í hinum þurrari sumrum.

Af þessu virðist meiga draga þá ályktun, að jafnvel hin þurrari sumur hér, fullnægi að mestu eða öllu leyti rakaþörf lerkisins. En eins og ég hefi áður látið í ljósi, virðist mér að þurkarnir hér, einkum að vorinu, standi ýmsum trjátegundum mjög fyrir þrifum. Ég tel því að okkur beri að auka mjög gróðursetningu lerkis á þessu svæði.

Vöxtur í birki og skógarfuru var hér víðast allgóður í sumar, en þó ekki mun betri en sum undanfarin ár. Nokkuð bar á skjaldlús á skógarfuru, einkum eldri plöntum.

Sumarið 1960 gerði ég tilraun með síðsumars-gróðursetningu í skógræktargirðingunni að Skörðugili. Gróðursetningin fór fram 20. ágúst. Plantað var þarna 1000 plöntum af skógarfuru og 100 plöntum af rauðgreni. Í sumar leit skógarfuran vel út og óx nokkuð en rauðgrenið var að mestu dautt.

Grasvöxtur í skógræktargirðingunum var hér mikill í sumar og allmikil vinna var lögð í það að reita frá yngri plöntum og bera að þeim áburð. Öllum plöntum í Hólagirðingum var gefin áburður í vor. Undanfarin vor hefur einnig verið hér um áburðargjöf að

ræða. Áburðurinn kemur að notum þar sem ekki er mikill grasvöxtur, t.d. á lynglandi eða kjarrlendi. Í graslendi er aftur öðru máli að gegna, þar örvar áburðurinn svo mjög grasvöxtinn að allt fer í kaf í grasi, svo framt sem ekki er hægt að fjarlægja það oft á sumri.

Til þess að áburðurinn komi plöntunni að fullum notum, þar sem um mikin grasvöxt er að ræða, þarf hann að komast ofan í moldina með þar til gerðri sprautu, en ekki að dreifast yfir grassvörðinn.

Laufgun. Laufgun hófst ekki hér fyr en síðarihluta maímánaðar, en upp úr miðjum september fór lauf að falla. *ákvæðis*

Verkafólk. Vinna hófst hér í vor í byrjun maí og stóð yfir til 1. október. Í aðalatriðum var vinna hér með líku sniði og s.l. ár, nema að dregið var verulega úr sáningu og dreifsetningu. Aftur var nokkuð meiri gróðursetning.

Hér fer á eftir tala greiddra vinnustunda á árinu en ekki er þar talin með ákvæðisvinna við dreifsetningu.

Winnustundir.

Í maí:	karlm.	287 stundir,	stúlkur	30 stundir,	unglingar	242 stund.
Í júní:	karlm.	290 stundir,	stúlkur	254 stundir,	ungl.	414 stund.
Í júlí:	karlm.	128 stundir,	stúlkur	208 stundir,	ungl.	416 stund.
Í ágúst:	karlm.		stúlkur	216 stundir,	ungl.	432 stund.
Í sept.	karlm.		stúlkur	88 stundir,	ungl.	408 stund.

---

Samtals karlm. 705 stundir stúlkur 796 stundir unglingar 1912 stund.

Girðingar. Engar girðingar voru settar upp á árinu á vögum Skógr. ríkisins, en viðhald nokkurt varð á Úlfsstaðagirðingum og Reykjarhólsgirðingunum.

Skógræktarfélag Skagfirðinga gerði nokkrar unbætur á Hólagirðingunum í vor. Jafnframt var ytri girðingin stækkuð á þann hátt, að tekin var til viðbótar spilda austan við Hólatún. Þá var sett upp ný girðing að Svartárdal í Lýtingsstaðahreppi. Eigandi girðingarinnar er Hagnar Ófeigsson ábúandi í Svartásdal.

Girðingin er 1000 m á lengd, 6 þætt, með tréstaunum.

Flatarm. 6 ha. Byrjað var á gróðursetningu þar í vor.

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga kom upp skógræktargirðingu á árinu, að Gunnfríðarstöðum á Ásum. Eigandi jarðarinnar, Steingrímur Davíðsson gaf skógræktarfélaginu jörðina á s.l. hausti. Var þá strax brugðið við og girt nokkur spilda af landinu, svo gróðursetning gæti hafist þar á næsta vori. Lengd þessarar nýju girðingar er 1400 metrar. Auk þess er þarna vörslugirðing Sauðfjárveikivarnanna á einn veginn og er hún 900 metraþ á lengd, svo að alls eru girðingar í kring um landið 2300 metrar. Nýja girðingin er vönduð netgirðing, gaddavírsstrengum og tréstaunum.

Framræsla. Í Reykjarhólsgirðingu var unnið nokkuð að framræslu í haust. Þurkuð voru upp mýrarsundin vestan við Reykjarhólinn. Þar fæst gott land fyrir gróðursetningu.

Framlög til skógræktar í Skagafirði. Sýslusjóður Skagafjarðar-sýslu lagði til skógræktar á árinu 30 þúsund krónur. Auk þess kostar Hólaskóli að hálfu leyti móti Skógræktarfélagi Skagafirðinga plöntur í girðingarnar á Hólum .

Gróðursetning hjá Skógræktarfélagi Skagafirðinga er að mestu leyti unnin í sjálfboðavinnu og er þar vissulega um mikið framlag að ræða til skógræktarinnar, Skógræktarfélagið kostar aftur á móti að mestu flutning á sjálfboðaliðunum á vinnustaðina.

Græðireiturinn. Á s.l. vetri var það ákveðið af ráðamönnum Skógræktar ríkisins að draga úr plöntuframleiðslu hér í Laugabrekku. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að svo mikið magn af plöntum væri nú í uppeldi í hinum stóru uppeldisstöðvum að það mundi fullnægja eftirspurninni að sinni. Af þessari ástæðu var hér í vor aðeins sáð lítils háttar birki-fræi og dreifsett rúml. 30.000 pl. Hér var því eyðilaggt nokkurt magn af plöntum á dreifsetningar aldri.

Yfirleitt voru mjög lítil vanhöld í reitnum eftir veturinn, og engir skaðar urðu af vor- eða síðsumarfrostum. Vöxtur var með allra besta móti, enda var tíðarfarið fremur hagstætt fyrir uppeldið.

Fyrir veturinn var búið um plönturnar á sama hátt og að undanfögnu. Strengt var girðingarnet yfir eldri sáðbeð og þakið með limi, plöntum í dreifibeðum skýlt með torfstrengjum og limi, en ný sáðbeð varin með beitolýngi.



Sáning. Sáð var 7. júní 3 kg. birkif. í 180 metra. Spírur var góð.

Áburður. Áburðargjöf í græðireitinn var í sömu hlutföllum og undanfarin ár. Sáðbeð og dreifibeð í 100 m. ca. 1400 kg. af húsdýra-áburði, 4 kg. köfnunarefni, 3 kg. þrífosfat og 3 kg. kali.

Öðrum plöntum í reitnum gaf ég í vor sem svaraði 5 kg af tilbúnum áburðu (garðáburði) per. 100 ferm. Seint í júní vökvaði ég dreifibeðin með áburðarvatni.

Dreifsetning. Í vor var dreifsett 33225 pl. Voru það þessar tegundir:

Sitkagreni	3/o.....	Honer.....	6604	stk.
Blágreni..	4/o.....	Colorado.....	12240	"
Bergfura	2/o.....	Pyrenæa.....	9339	"
Eroddfura	3/o.....	Colorado.....	2990	"
Fjallaþinur	3/o.....	" .....	904	"
Rauðgreni	3/o.....	Rana.....	1148	"

---

Samtals 33225 stk.

Plöntusalan. Í vor afhenti ég frá Laugabrekku 77613 plöntur.

Þar af voru 76240 skógarplöntur og 1373 garðplöntur.

Í Skagafjarðarsýslu, skógarpl.

Blágreini	2/3.....	Colorado.....	21830	stk.	✓
Rauðgreini	2/3.....	Rana.....	8700	"	✓
Birki	2/3.....	Vaglar.....	3000	"	✓
Birki	4/0.....	Bæjarstað.....	6000	"	✓
Birki	2/2.....	Bæjarstað.....	2000	"	✓
Birki	3/0.....	Bæjarstað.....	10350	"	✓
Rússa Lerki	2/2.....	Arkang.....	5500	"	✓ - 3000
Sibeim Lerki	2/2.....	Altay.....	600	"	✓
Stafafura	2/4.....	Skagway.....	2450	"	✓
Broddgreini	2/2.....	Colorado <i>frá Tel.</i>	1000	"	✓
Skógarf.	2/3.....	Troms.....	2250	"	✓
Gráfura	2/3.....	" <i>frá Tel.</i>	1000	"	✓
Sitkabast.	2/2.....	Lazw. <i>frá Tel.</i>	200	"	✓
Hvítgreini	2/2.....	" <i>frá Tel.</i>	390	"	✓
Samt.			65270		65270

Í Húnavatnssýslu, Skógarpl.

Birki	2/3.....	Vaglar.....	2200	stk.	✓
Rauðgreini	2/3.....	Rana.....	4000	"	✓
Blágreini	2/3.....	Colorado.....	1550	"	✓
Stafafura	2/4.....	Skagway.....	600	"	✓
Sibeim Lerki	2/4.....	Askis. <i>frá Voglum</i>	1020	"	✓
Skógarf.	2/3.....	Troms.....	1600	"	✓
Samt.			10970		10970
Samt.					76240

## Garðplöntur:

Birki.....	667	stk.
Blágreini.....	109	"
Rauðgreini.....	111	"
Lerki.....	196	"
Reynir.....	80	"
Stafafura.....	9	"
Gúlvíðir.....	135	"
Ribs.....	26	"
Ösp.....	15	"
Sitkagreini.....	25	"

---

Samtals 1373 stk.

Plöntur til gróðursetningar vorið 1962.

Birki	2/4.....	Vaglar.....	2500	stk.
Birki	2/3.....	Bæjarst.....	4000	"
Birki	2/2 3/2...	Bæjarst....	14000	"
Birki	3/0 .....	Bæjarst. .	15000	"
Rauðgr.	2/3.....	S. Helgal..	3000	"
Blágr.	2/4.....	Colorado....	13000	"
Skógarf.	2/3 3/2...	Trlms....	21000	"

---

Samt. 72500 stk.

## Garðplöntur:

Gúlvíðir....	80	stk.
Reynir....	1000	"
Blágr....	500	"
Rauðgr....	90	"

---

Samt. 1670 stk.

Aðsendar plöntur.

Frá Vöglum:	
Lerki.....	5700 stk.
Sitkabast..	200 " ✓
Hvítgr.....	290 " ✓
Gráfura.....	1000 " ✓
Frá Tumast.	Broddgr.....1000 "
<hr/>	
Samt.	8190 stk.

Plantað á vegum Skógræktar ríkisins.

Skag.

Úlfstaðagirðing:	Sitkabast 2/2...Larv.....	200 stk.	
"	Hvítgreni 2/2....M. Gratin	200 "	
"	Birki 3/0...B.....	3000 "	
	Samt.	3400 stk.	3400
Reykjarhólg. 1 :	Stafafura 2/4..Skagway..	250 stk.	
"	Lerki 2/2...Arkeng...	1600 "	
	Samt.	1850 Stk.	1850
Reykjarhólg. 2:	Birki 3/0.... B.....	1500 stk.	
"	Stafaf. 2/4...Skagway...	800 "	
	Samt.	2300 stk.	2300
Varmahliðarg. 1:	Lerki 2/2... Arkeng....	1500 stk.	
"	Hvítgr.2/2 Mn Gratin..	190 "	
	Samt.	1690 stk.	1690
Reynistaðarg.	Rauðgreni2/3..Rana.....	1000 stk.	1000
Viðvíkurg.	Stafaf... Skagway.....	100 stk.	
"	Lerki....Askis.....	100 "	
"	Birki.... B.....	100 "	
	Samtals	300 Stk.	300

Plantað á vegum Skógræktar ríkisins.

Hún.

Barkarstaðagirðing:	Birki 3/0 ..B.....	500 stk.	
"	Lerki 2/4 Askis..	20 "	
"	<u>Stafaf. 2/4 Skagw.</u>	<u>10 "</u>	
		Samt. 530 stk.	530
Gauksmýrarg.	<u>Birki 3/0 ..B.....</u>	<u>500 stk.</u>	500
Hofsgirðing.(styrk.)	Rauðgr. Rana...	1000 stk.	
"	Blágrein.Col....	500 "	
"	<u>Skógarf. Troms...</u>	<u>500 "</u>	
		Samt. 2000 stk.	2000
			<u>13570</u>

Ferðalög. Yfirlitið yfir plöntusöluna hér að framan sýnir að rúml. 77600 plöntur voru gróðursettar á þessu ári í Skagafirði og Hónavatnssýslum. Þetta er það mesta plöntumagn, sem gróðursett hefur verið á einu ári á þessu svæði.

Eins og undanfarin ár, flutti ég sjálfur allar plöntur til kaupandanna og leiðbeindi við gróðursetningu eftir því sem ástæður leyfðu.

Einnig fór ég allmargar ferðir um Skagafjörð og Hónavatnssýslur, til að líta eftir vexti í skógargirðingum, viðhaldi girðinga og gefa leiðbeiningar um hirðingu plantna og áburðargjöf. Viða þurfti ég að úða í görðum. Því nokkur óþrif sóttu á plöntur, einkum bar mikið á blaðlús.

Á nokkrum stöðum valdi ég land til skógræktar og sá um uppsetningu á skógræktargirðingum að Hólum í Hjaltadal, Gunnfriðarstöðum á Ásum og Svartárdal í Lýtingsstaðahrepp.

2 ferðir fór ég til Reykjavíkur á árinu á vegum Skógræktar ríkisins, í marz sat ég þar fund skógarvarða og í desember fór ég þangað á fund skógræktarstjóra.

Auk þess fór ég til Reykjavíkur í október í einkæringum og dvaldi þar aðeins 2 daga.

Um önnur ferðalög utan míns vinnusvæðis var ekki að ræða á þessu ári.

Laugabrekku, 1 janúar 1962

*Sigurður Jonasson*